

Kirkjuþing 2023-2024

30. mál – þskj. 30a

## TILLAGA

til þingsályktunar um að skora á kirkjuþing að tryggja fjármagn til barnastarfs.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjuþing að tryggja fjármagn úr Jöfnunarsjóði sókna til að viðhalda reglulegu barnastarfi.

### Greinargerð.

Það er raunveruleiki margra sókna að ekki er til nægt fjármagn í sjóðum kirkjunnar til annars en að viðhalda húsakosti. Þetta er sorglegur raunveruleiki á meðan að stærri sóknir hafa efni á að ráða til sín sérhæft starfsfólk til að sinna æskulýðsstarfi.

Í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi árið 2022, er kveðið á um að kirkjan sinni starfi fyrir börn á aldrinum 0-16 ára. Það er nauðsynlegt fyrir kirkjuna að jafna stöðu sókna með fjárstyrkjum til þess að öll börn njóti sömu þjónustu kirkjunnar burt séð frá búsetu. Þetta fjármagn myndi einnig styðja við svæðisstjórana sem taka vonandi til starfa um allt land.